

**Kynferðislega
brenslaður maður á
ferli á Akureyri:
Hefur ráðizt
fjórum sinnum
á konur
á götum úti**

Kynferðislega brenslaður maður hefur ráðizt á konur á Akureyri. Fjórar kærur hafa borizt lögreglu í þessum mánuði.

Hann rébist í gærkvöldi á 17 ára stúlku, skammt frá kirkjunni, og reyndi að rífa utan af henni fötin. Þarna var talsverð umferð, og komu menn fljótt stúlkunni til hjálpar og flæmdu manninn brott. Ekki tókst þeim að hafa hendur í hári hans.

Maður þessi hefur aldrei valdið stúlkunum meðilum. Hann hefur lagt á flóttu, þegar þær hótuðu að kalla á lögreglu.

Lýsingum á manni þessum ber ekki alveg saman, þótt talið sé, að þarna hafi verið um sama manninn að ræða. Stúlkun, sem varð fyrir árásinni í gær, lýsir honum svo, að hann sé ungur, 14-15 ára gamall og dökkhærður.

—PM

**Eyjabúar
fengu
sjokkið
fyrir helgi**

Það er mesta furða, hvað heilsufar Vestmannaeyinga er þó gott, en því er ekki að leyndu, að mjög margir í þeirra hópi hafa þessi meira áberandi nú eftir helgina en áður. Það er eins og eftirköstin séu að koma núna sagði Ingunn Sturlaugsdóttir, einn af Eyjabúum, sem nú stundar sjúklinga sína hér í Reykjavík.

Meðal þeirra, sem nú biðja um roandi meðul, er mjög margt fólk, sem aldrei hefur notað slík meðul áður, en helzt virðist mér það vera konurnar, sem þurfa á þessu að halda, sagði Ingunn. Almennt virðist eldri fólk þá taka þessu verst og þá sérstaklega fólk, sem hefur misst hús sín.

Þetta fólk kvartar undan svefnleysi, þreytu og kvíða, sérstaklega á morgnana, sagði Ingunn. — Nokkrir Eyjabúar fengu þó það alvarlegt sjokk, að þeir hafa orðið sinnulausir og hefur þurft að leggja nokkra slíka sjúklinga inn. Ingunn sagði, að áberandi lítið væri kvartað undan venjulegum kvillum, sem lækna sjá mest yfirleitt. Það virðist sem næst aðeins kvíði og óróleiki og svo hálsbólga, sem þjáir fólk, en margir munu hafa ofkælt á leiðinni til lands, þegar gosið hófst.

Ingunn taldi, að mikill ásingur, fyrst eftir að gosið hófst, hefði komið í veg fyrir, að sjokkið hafi komið fram alveg strax. Þá teldi hún erfðar aðstæður fólks núna, eins og t.d. íbúðarþrengisli og of mikið aðgerðarleysi aukaandlega vanlíðan.

—VJ

Kostar 100 milljónir að moka bæinn upp

— Getum verið þakklátir fyrir hvern dag, sem hraunið rennur í austur, segir dr. Sigurður Þórarinnsson

Gróflega reiknað má nú áætla, að það kostaði um 100 milljónir króna að ryðja

í burtu því öskufalli, sem fallið hefur á kaupstaðinn á Heimaey. Samkvæmt upp-

lýsingum dr. Sigurðar Þórarinnssonar hafa nú um 2 milljónir rúmmetra fallið


á byggðina, en þar sem eðlisþyngdin er aðeins 0.5 eru þetta um milljón tonn.

Eins og Visir sagði frá í gær væri unnt að ryðja burtu ösku fyrir um 60-70 krónur á hvern rúmmetra miðað við þá tækni og vélakost, sem fyrir hendi eru í landinu. Með stórvirkari tækjum mætti hugsanlega koma þessum kostnaði niður, en hinsvegar má búast við því, að gosaska eigi því miður enn eftir að falla á byggðina. Það er því óvarlegt að áætla, að kostnaðurinn við þetta yrði undir 100 milljónum króna.

Við megum vera þakklátir fyrir hvern dag, sem hraunið rennur enn í austurátt. Þeim mun meiri líkur eru á því, að hraunið renni ekki niður í byggðina eða inn í höfnina, sagði Sigurður Þórarinnsson í viðtali við Visi í morgun.

Eins og fram hefur komið eru jarðfræðingar tregir til að spá um áframhald gossins. Sigurður telur þó sennilegast, að þetta gos verði ekki stórt, en Hawaiiitgos, sem hafa áður verið hér á Íslandi, hafa ávallt verið minniháttar. Meðal goss af þeirri tegund hafa verið svona 2-3 sinnum stærra en þetta er þegar orðið, segir Sigurður. Við getum því gert okkur vonir um, að byggðinni verði hlíf við hraunrennsli. Einnig er sennilegt, að gosið fari stöðugt hjáþnandi. Þó má alltaf gera ráð fyrir að öskugosið geti rokið upp aftur um smátíma. Þá er mest komið undir vindáttinni, sagði Sigurður. Hann sagði, að þetta gos hefði aldrei verið talið mikið öskugos, ef það hefði ekki verið svo að segja ímiðri byggð.

—VJ



Geymsluhúsnæði á þrotum

Allt stórt geymsluhúsnæði fyrir húsgögn Vestmannaeyinga er nú á þrotum. Að því er Reynir Þorsteinsson hjá Rauba krossinum tjáði blaðinu í morgun, er allt húsnæði, sem vól er á, nýtt. Svo sem bílskúrar og annað húsnæði, en bílskúrar taka þó ekki nema lítið magn, aðallega fyrir einstaklinga. Vildi hann því koma því á framfæri, að hver sá sem

hugmynd hefur um eitthvert stórt húsnæði, láti þegar vita.

Eitt af því húsnæði, sem þegar er fullt, er svokallað flugskýli 3. Þar var byrjað að koma fyrir húsgögnum í gær og flogið hefur verið með húsgögnum þangað í alla nótt. Húsgögnin eru öll í gámum, en einstaklingar vitja þeirra, þegar til lands er komið, þannig að menn vona, að geymslu-

húsnæði þar losni sem fyrst.

Af því húsnæði, sem notað er nú, má nefna Fellaskóla í Breiðholti, en þar er allt orðið fullt nú þegar.

Enn er mikið magn eftir af húsgögnum í Eyjum, en fiski-bátar eru á stöðugu ferðalagi á milli lands og Eyja, og flytja allir húsgögn.

—EA

Nýr hraun— straumur brýzt fram í Eyjum

Nýr hraunstraumur brauzt fram í Eyjum í nótt og í morgun og leggst nú yfir gamla hraunið á sjó út. Jarðfræðingar í Eyjum sögu laust fyrir hádegi, að gamla hraunið hefði stöðvazt að kalla og hið nýja væri enn ekki komið jafnlangt á sjó út og hraun- og gjallmassinn hafði áður náð. Ekki var enn vitað, að þetta hefði aukid hættuna á, að vatsleibslan skemmdist, en hún er skammt undan yztu brún gjallmassans, sem hefur safnazt fyrir og skriðið þar fram á botni.

Jarðfræðingar segja, að einhver fyrirstaða hafi rofnað í nótt og þess vegna hafi þessi nýi hraunstraumur brotizt fram.

Gosið var fyrir hádegi í dag nokkuð svipað og áður.

Síðustu fréttir af gosinu í Vestmannaeyjum, rétt áður en blaðið fór í prentun, voru þær, að átt er enn hagstæð fyrir byggð, að norðvestan. Gos virðist hvorki hafa aukizt né minnkað, og öskufall nalgast ekki byggðina. Hins vegar spáir súaustanátt, og buast má við, að vindátt snúist þá og þegar.

—HH

Það birtir dag frá degi


— sjá leiðara bls. 6

VÍSIR SPYR:

Værir þú fús að vinna þegnaskylduvinnu við mokstur í Vestmannaeyjum næsta sumar?




Guðlaug Torfadóttir, kennari: Það væri ég, með mikilli ánægju. Annars held ég að þetta væri afstaðið og komið í lag fyrir sumar.



Björn Gunnarsson, kerfisfræðingur: Já, það er alveg sjálfsgöður hlutur, þó ekki væri fyrir annað en að ég hef verið þar fjórar vertíðir og á marga kunningja þar. Að minni álitni hefur ekkert gerzt þarna, sem komi í veg fyrir að ég trúi að þarna komi blómleg byggð aftur.



Valgeir Kristjánsson, stud. jur. Mér finnst þetta mjög snjöll hugmynd, en það þarf mikið af fólki. Ég færi.



Eydis Leifsdóttir, húsmóðir: Ég veit ekki núna hvort ég ætli heimgengt, en mér finnst sjálfsgött að leita til almennings í sambandi við hjálp á þessu svæði.



Rafn Thorarinsson, iðnrekandi: Mér lízt vel á það. Það er góð hugmynd að leita til fólks um hjálp við þetta þegar gosinu er lokið.



Erlendur Guðmundsson, trésmiður: Ég myndi alveg skilyrðislaust fara og mér lízt vel á að biðja fólk um hjálp við þetta verkefni.

„Sluppum nokkuð vel“

Spjallað við fólk, sem er búð að fá húsnæði og hefur atvinnu

„Ég sagði, að nú væri líklega best að fara að hætta og hvíla sig, því að við værum búnir að vera að vinna í fjóra sólarhringa, en þá vorum við búnir að vera að í sex sólarhringa.“ Það er Daniel Wilfred Fiske Traustason, sem flestir þekkja trúlega undir nafninu Villi Fiske, sem talar.

Daniel og skipsmenn hans voru búnir að standa í stanzlausum flutningum milli Þorlákshafnar og Eyja með búslóðir og veidarfæri, þegar þeir tóku sér hvíld í fyrradag.

„Það er eitt, sem mér finnst ekki hafa komið nógu vel fram í fréttum,“ hélt Daniel áfram, „og það er, hve vel þeir hafa staðið sig, sem hafa verið í Þorlákshöfn að taka á móti skipunum þar. Þeir hafa verið alveg sérstaklega duglegir og gert okkur á bátunum lífið léttara við uppskipun á varningnum.“

Ég og mín fjölskylda erum nokkuð vel studd að minni alltí.

Strákarnir minir tveir, 13 og 15 ára fóru strax til Hveragerðis, hafa verið þar í skóla og alveg sloppið við allt amstrið, sem þessu hefur verið samfara. Núna erum við búnir að fá tveggja herbergja íbúð í Hveragerði, svo að húsnæðisvandæðin eru leyst. Nokkrir af mönnum á bátunum mínum eru líka búnir að fá þak yfir höfuð fjölskyldna sinna, meðal annars í Þorlákshöfn.

Við sjáum nokkur smásár í andlitu Daniels, og hann segir okkur hvernig hann fékk þau: „Ég var nú bara að hlaupa á milli húsa í Vestmannaeyjum, og það rigndi vikri, sem skall í andlituð mér. Ég tók ekki eftir því fyrr en ég kom inn í húsið, þegar fólkíð spurði hvað eiginlega væri að sjá mig.“

En nú dimmir yfir svip Daniels. „Þegar ég stóð fyrir framan fall-ega húsið, sem við eigum, og horfði á það, þá þyrmdi yfir mig. Húsið var orðið tómt og neglt fyrir alla glugga, eins og það væri hver annar kofi. Ég er viss um að þessi stund líður mér seint úr minni.“

Ég er hræddur um, að jafnvel þó gosið hætti núna fljótlega, þá verði ekkert hægt að gera fyrr en seinni partinn í sumar, í fyrsta lagi. — En ég er alveg ákveðinn í að fara heim, eins fljótt og fært

verður, til að taka þátt í uppbyggingunni á nýjan leik.

Það er engin linkind í mönnum, eftir því sem mér hefur fundizt. Reyndar er alveg furbulegt hvað menn láta lítinn bilbug á sér finna. Einn bilstjóri sem var að vinna með okkur í að flytja varning niður í skip, var sífellt að tala um hvernig væri nú best að lagfæra þennan blettinn og hinn. „Ætli borgaði sig ekki að sá þarna?“ sagði hann. „Það verður auðveldast að yta öllu burtu þarna“ og svo framvegis. Hann var ekki einn um þetta. Flestir lögðu eitthvað til málnanna um hvernig best væri að haga uppbyggingunni á nýjan leik. Nei það er alveg áreiðanlegt, það er engin uppjöf í mönnum.

Við eitt borðið í matsalnum í Hafnarbúðum situr kona og við tókum hana tali. Hún heitir Kristín Sigurðardóttir.

„Ég er ekki hérna í neinum erindagjörðum fyrir sjálfa mig,“ segir Kristín. Málin standa til- töulega vel hjá minni fjölskyldu er mér óhætt að segja. Ég kom hingað bara til að láta skrá ömmu mína og til að sjá í skránni hvar hitt og þetta fólk er.

Maðurinn minn fékk fljótlega vinnu í Hafnarfirði. Hann er verkstjóri í fiskvinnslu og starfar



Daniel Traustason (Villi Fiske) hafði staðið í flutningum milli lands og Eyja í sex sólarhringa, þegar hann gaf sér tíma til að fá sér nætursvefn. En þreytan var slík að nóttin entist honum varla til þess að festa svefninn. Á myndinni er Daniel ásamt dóttur sinni. — Ljós. Vísir BG.

við það hér á meginlandinu líka. Þetta fólk, sem við ætlum að finna í skránni hér er meðal annars fólk, sem hann hefur hjá sér í vinnu í Eyjum og vill fá aftur til sín þar, sem hann er núna.

Við erum nú svo heppin að okkar hús er alvestast í þænum, svo að það fer ekki eins illa og mörg önnur. En ég verð að segja það eins og það er, að þó að bæði ég og maðurinn minn séum Vestmannaeyingar í húð og háir, þá vil ég helst ekki fara til Eyja næstu árin. Ég vil hafa þær í minningunni eins og þær voru.

Mér finnst fólk ekki bera með neinn barlóm. En hitt er annað, að fólk er ekki sérlega uppveðrað, eins og maður getur ímyndað sér, þegar allar eigur þess eru ennþá í Vestmannaeyjum og ekki er að vita hvener þær koma til baka, eða hvort þær komast yfirleitt.

Það vill nú svo til með okkur hjónin, að við höfðum verið að velta þeim möguleika fyrir okkur áður en ósköpin dundu yfir, að flytja til Reykjavíkur. En okkur hafði alltaf fundizt það af mikió fyrirtæki, sérstaklega þar sem við áttum þetta ágæta hús og maðurinn minn var í góðri vinnu. Þar að auki fannst okkur það svo mikió fyrirtæki að flytja búferlum með átta manna fjölskyldu, að við hugsuðum þetta aldrei alveg til enda. Kannski þessar náttúruhamfarir verði til þess að maður setjist að á höfuðborgarsvæðinu, það er aldrei að vita.“

En nú sá blaðamaðurinn að hann var farinn að halda sætum fyrir fólki, sem ætlaði að setjast hjá Kristínu, svo að hann flytti sér að hverfa á braut.

— Ló



Ekki eru allir jafn vel staddir og þeir, sem blaðamaður Vísir spjallaði við niðri í Hafnarbúðum í gær, enda sést vel á þessari mynd, hversu mikió var að gera við alls konar störf þar niður frá!

Lesendur hafa orðið

Við eigum að biðja um nýja höfn á Suðurlandi og nýjan bæ við hana

Nokkrar erlendar þjóðir vilja rétta íslendingum hjálparhönd í þeim erfiðleikum, sem eldgosíð í Vestmannaeyjum veidur. Persónulegt tjon Vestmannaeyinga er mikió, en það ætti þjóðin ein að geta bætt þeim. En tjon þjóðarinnar í heild

verður ekki bætt með öðru en því, að hún eignist aðra góða útgerðarhöfn við Suðurlandsmiðin og borg þar fyrir það fólk, Vestmannaeyinga sem aðra, er vill starfa þar að útgerð og fiskvinnslu. Þjóðin hefur ekki fjármagn til að leysa þetta hjálparlaust og það er við þetta verkefni, að hún á að biðja um aðstoð.

Við athugum kemur annar staður ekki til greina en Þorlákshöfn til þessarar uppbyggingar. Þar er landrými takmarkalaust. Á góðum vegi verður aðeins hálf-tíma akstur frá Þorlákshöfn til höfuðborgar svæðisins. Þorlákshöfn hefur verið lífhöfn alla tíð. Þar er nú þegar risinn kjarni að blómlegri byggð og grózkumiklu athafnaelli.

Frumdrög eru fyrir hendi að áætlun um stækkun hafnarinnar með sprengingum inn í ströndina og verndun hennar fyrir úthafsöldunni með brimvarnargarði en til þessa hefur skort fé til framkvæmda. Staðurinn er þegar í tengslum við raforkuveiturarn. Jafnhliða hafnargarðinni þarf að gera brú á Ölfusa við ósa og opnast þá stutt leið til hafnar-

þorpanna Eyrarbakka og Stokks-eyrar og til iðnaðar og verzlunarþorpsins Selfoss og frá Þorlákshöfn er stutt til heilsulinda- og ávaxta rektarþorpsins Hveragerðis. Þorlákshöfn hefði fyrir löngu þurft að vera þess megnug að taka við hluta af verkefni Vestmannaeyja, og sjómenn og útgerðarmenn hafa margar vertíðir fundið sárlega fyrir þessum vanmætti Þorlákshafnar. Þegar Vestmannaeyjahöfn opnast til útgerðar á ný, verða þessar tvær hafnir til að styrkja hvor aðra, ef Þorlákshöfn verður byggð upp.

Vinir okkar erlendis myndu ekki telja ráðlegt, að hjálpi þeirra vegna tjónsins af eldgosinu í Eyjum yrðu notuð til að byggja bæ í Myrdalnum og höfn við Dyrhólaey í nágrenni mestu eidfjalla Íslands og getum við traubla beðið um það, þrótt brýn þórf se fyrir góða höfn við Dyrhólaey. Þorlákshöfn er nú þegar landshöfn, og sameign þjóðarinnar og því ekki gert upp á milli neinna, þótt hún verði byggð myndarlega upp.

Matthias Ingibergsson

Hvar var presturinn???

Snót skrifar:
Hinir válegu atburðir í Vestmannaeyjum fara ekki úr huga manns, og hvernig endar þetta? Mikió hefur verið gert til hjálpar og allir bonnir og búnir til að veita lið. — en hvar var presturinn? Ef til vil hefur allt þetta fólk, og þá sér í lagi hinir sjúku og öldruðu, þurft á styrk og hlýju handtaki að halda. Finnst mér að presturinn, hver sem hann er, hefði átt að standa í broddi fylkingar eins og gamli eldklerkurinn forbum.

Þegar slíkir atburðir gerast er leitt til þess að vita, að forvissmennirnir smokri sér undan sjálfsgögum skylduverkum.

HRINGIÐ Í
SÍMA 866 11
KL 13-15

„Stefnum að því að fullgera fokheld íbúðahúsnæði“

„Við erum að stefna að því að ófrágengnar íbúðir og húsnæði verði klárað, svo að Vestmannaeyingar geti farið þar inn,“ sagði Eggert Ásgeirsson hjá Rauða krossinum, þegar blaðið hafði samband við hann í gær.

„Við höfum enn ekki fjárhagslegan bakbjól til að gera þetta, en við erum að vona að spottarnir komi saman á einn stað bráðlega,“ jafnvel innan nokkurra tíma.“ „Bankarnir eru byrjaðir að starfa að þessum málum, en þessari að gæta, að ekki fari á misvixli, húsnæði og vinna.“

„Það þarf að fara inn á skýrslur, sem síðan verður unnið eftir.“ „Annars er lítið hægt að segja enn um hvernig þessi mál verða tekin fyrir.“

-DM

Símakerfið að því komið að springa

— álagið meira en nokkru sinni fyrir

Margir hafa sjálfsgætt rekið sig á það undanfarna daga, að erfitt hefur verið að fá sön í símanninn, sérstaklega á þeim tímum dagsins, sem símnokun er mest.

Eftir hádegisdaginn hefur átt hálf tíma, að ekki var hægt að hringja eitfinastasamtal frá ritstjórnarskrifstofum Vísis, og svipaða sögu var að segja annars staðar frá.

Hafsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri hjá Bæjarstjórnunum, sagði, að alls staðar í heiminum gætti þessa sama vandamáls. Þegar álagið væri mest, gætu kerfin ekki annað öllum símtölum.

Astandið núna kvað hann vera vegna Vestmannaeyingjanna og miklum fjölda samtala í sambandi við þá. Fólk væri hringjandi út um alla borg og raunar utan af landsbyggðinni einnig til að athuga með fyrirgreiðslu og spyrja um verustað og annan hag vina og ættmenna.

Svo miðir hefur verið hringt í Hafnarbúðir, að ekki var annað fært en að láta þá hafa marga síma. Nú eru í Hafnarbúðum ellefu símar auk skiptiborðs.

Hafsteinn sagði meinið meðal annars það, að of fá númer væru laus á bilinu frá 10000 til 26000, þannig að hættan væri mest á ofnotkun á þessu millibili. Það þarf tvö þúsund númer, ef mjög vel ætti að vera, en þessi viðbótarnúmer kosta tug milljóna.

—LO

Upplýsingar fyrir Vestmannaeyinga í Hafnarbúðum.

- 11690 Upplýsingar um skip og farm.
- 11691 Upplýsingar um sendibla.
- 11692 Geymslurými og sjálfböðalaðar.
- 28896 Húsnæðismál (upp.)
- 25843 Húsnæðismál og atvinnu miðlan.
- 11693 Upplýsingar.
- 25788 Ferðaleyfi.
- 12089 Upplýsingar um íbúðaskrána.
- 14182 Sjúkrasamlag.
- 25788 Fjármál.
- 22203 Óskilamunir.
- 25788 Skiptiborð við allar deildir.
- 25795 Skiptiborð við allar deildir.
- 25880 Skiptiborð við allar deildir.
- 25880 Skiptiborð við allar deildir.

Þannig munu safnast 100 milljónir á landinu!

— Ríður Hafnarfjarðarbær á vaðið með 500 kr. framlag á íbúa?

Hugmyndin um, að bæjar- og sveitarfélög gæfu sem svarar 500 krónum á hvern íbúa til stuðnings Vestmannaeyjum, hefur hlotið raunhæfastar viðtökur í Hafnarfirði. Þar fjallar bæjarráð nú um tillögu um fimm milljón króna framlag Hafnarfjarðarbæjar. Það yrði sem næst 500 krónum á hvern íbúa bæjarins.

I nokkrum smærri hreppum hafa framlög nú þegar numið hærrí fjárhæð, en mestmegnis

með frjálsum samskotum. Stefán Jónsson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði bar í gær fram þá tillögu á aukabæjarstjórnarfundum, að bæjarstjórn samþykkti að leggja fram fimm milljónir króna til hinar almennu söfnunar vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Þarna yrði því um framlag bæjarstjórnar á ræða, sem kæmi til viðbótar öðrum framlögum íbúa og fyrirtækja í bænum. Tillögunni var vel tekið, og var henni vísað til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu.

Ef bæjar- og sveitarfélög landsins legðu öll fram fjárhæð, sem samsvarar 500 krónum á hvern íbúa, yrði fjárhæðin alls 100 milljónir króna.

Aföllunum ætti að mæta með fimmþættum aðgerðum, telur Stefán Jónsson í greinargerð fyrir

tillögu sinni. Fagna beri þeirri vinsemd, sem þjóðin hefur mætt frá erlendum aðilum, og veita með þakklahti viðtöku sérhverjum fjárhagslegum stuðningi og annarri aðstoð, sem fram er bodin.

Með almennri fjársöfnun um land allt meðal einstaklinga og stofnana.

Þá leggi sveitarfélög landsins fram fé í samræmi við tilmæli Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem svari 500 krónum á hvern íbúa. Að svo miklu leyti, sem slíku framlagi sveitarfélaga yrði ekki mætt með sparnaði í rekstri, kæmi til frestun á ýmsum framkvæmdum. Mundi með þeim hætti losna vinnuafli, sem nýta mætti við uppbygginguna.

Þá leggi ríkissjóður fram allt að einn milljarð króna, sem mætt

yrði af ríkisvaldinu með sparnaði í rekstri og frestun framkvæmda, svipað og yrði hjá sveitarfélögum.

Leitað verði eftir erlendu láni til langs tíma til uppbyggingarinnar, enda þyrfti naumast að efa, að slíkt lán fengist auðveldlega undir slíkum kringumstæðum með sérstaklega hagstæðum lánskörum, varðandi lánstíma og vaxtakjör.

Stefán álitar, að með slíkum aðgerðum verði hið mikla fjárhagslega tjón bæt á tiltölulega auðveldan hátt. Hann kveðst vera algerlega andvígur því, að tilfinni þetta verði notað af hálfu sveitarfélaga eða alþingi sem yfirvarp til nýrrar skattheimtu, sem síðan yrði látin standa áfram, svo sem reynslan hafi svo þráfallega sýnt.

—HH

„Þekki varla stól frá borði“

„Eg þekki varla lengur stól frá borði“ sagði Guðjón Pálsson skipstjóri á Gullberginu, þegar blaðamaður hafði samband við hann um borð í bátinum í Vestmannaeyjahöfn í gær.


„Svo hef ég engan tíma til að kjafta við blaðamenn núna, hér er allt vitlaust að gera.“ „Eg held að við séum búnir að fara átta ferðir á milli lands og Eyja, en ég er ekki viss, því maður er alveg ruglaður.“

Guðjón er einn þeirra fjölförðingja, sem lagt hafa fram gífurlegt starf við björgunaráðgerðirnar í Eyjum. Guðjón og áhöfn hans á Gullberginu hafa bjargað um 100 búslóðum frá Eyjum síðan höst hófst, en Guðjón er búinn að vera stanzlaust að síðan hamtarinnar

byrjuðu. Hann hefur eins og svo margir aðrir lagt nótt við dag og lítið sem ekkert sofið í heila viku. Guðjón sagði að það færi alveg eftir vebri hvenær þeir á Gullbergi kæmu frá Eyjum og gætu lagt upp í næstu ferð.

-DM

Þeir á Gullberginu hafa sannarlega ekki slegið slökku við flutningana, síðan gösið hófst, og þeir hafa lítinn tíma aflögu til að ræða við blaðamenn eða aðra, sem „eru að flækjast fyrir“ eins og það mun við orða. Hér eru Gullbergsmenn í flutningunum, en búslóðirnar, sem þeir hafa flutt, munu vera orðnar 100 talains og verðmætíð skiptir tugum milljóna.



ALLIR HAFA OFAN Í SIG

„Það á engan að skorta fé mjög tilfinnanlega þessa dagana, því að nú er orðið lögs fjárhagsvandráði þeirra verst settu. Sú peninga aðstoð, sem við höfum veitt, hefur bara verið skyndihjálpar og veitist hverri fjölskyldu bara einu sinni.“ Þetta sagði Eggert Ásgeirsson hjá Rauða krossinum í samtali við Vísir í morgun, þegar hann var spurður um styrkveitingar Rauða krossins við einstaklinga og fjölskyldur.

Rauði krossinn hefur svo auk þess veitt fé til ýmissar starfsemi. Eggert sagðist vilja leggja ríka áherzlu, á, að allt starfið hefði verið unnið í samvinnu við Vestmannaeyinga sjálfa.

I morgun höfðu safnast

20.360.000 krónum til Rauða krossins eins fyrir utan það, sem hefur komið til Hjálparstofnunar kirkjunnar og beint til bæjarstjórnar.

Þegar Eggert var spurður, hvort ekkert væri af fólk, sem hefði misst allt sitt, ekki fengið vinnu ennþá og væri þar af leiðandi peningalaust og allslaust, sagðist hann ekki telja, að svo væri, þó með þeim fyrirvara að hann hefði ekki haft mikið samband við fólk í sjálft, heldur verið meira í skipulagningunni.

Tryggingarnar eru komnar í gang, og allir bankarnir verða með fyrirgreiðslu í einhverju formi fyrir fólk. Mikið hefur verið boðið af vinnu. Það er helzt húsnæði, sem skortir, eftir því sem bezt verður séð.

—LO

Litakort frá Eyjum — ágóði til Eyjabúa

Kvenfélagið Heimaey gefur út litpóstakort frá náttúruhamförunum í Eyjum og aflar með því fjár til hjálparstarfsins. Konurnar fá hjálparhóps gamalla skáta frá Vestmannaeyjum, svokallaðra „Ólaga“, og Sólarfilmu sf.

Fólkíð mun vinna endurgjaldslaust að útgáfunni, svo að allur

ágóði renni óskiptur til Vestmannaeyinga.

Kortin verða seld um allt land og erlendis.

Samtökin skora á þá, sem eiga myndir frá hamförunum, að snúa sér til Sólarfilmu.

—HH

„Enginn á land í leyfisleysi“

— segir Ásgeir Long

„Það væri vissulega viðeigandi framhald á framkomu Íslendinga við leiðangur Smitsonianstofnunarinnar, ef framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins ritáði stofnuninni kvörtunarbref vegna framkomu leiðangursmanna“, sagði Ásgeir Long, kvikmyndatökumaður í gærdag, eftir að hafa lesið svör Steingrims við athugasemdunum vegna móttöku vísindaleiðangursins í Eyjum.

„Eg og fleiri geta hvenær sem er voitað það, að ekki einum einasta manni í leiðangrinum datt í hug að fara í land í Vestmannaeyjum án leyfis“, sagði Ásgeir. Skipstjórnin á Guðmundi Þórðarsyni RE-70, Ólafur R. Sigurðsson, lagði áherzlu á, að þótt leiðangurs-

menn fengu allir að fljóta með til Eyja, leyfði hann ekki, að aðrir en þeir, sem leyfi hefðu, færu í land. Forystumenn leiðangursins höfðu líka fullan skilning á ástandinu og fundu mjög greinilega það andrúmsloft, sem ríkti þarna gagnvart útledingum í vísindamennsku og fréttalet. Stígu því aldrei neinir í land í Vestmannaeyjum, sem ekki höfðu „bevis“ frá Rannsóknaráðinu. Hinir unnu að því að taka á móti húsgöngum og koma þeim niður í lest“, segir Ásgeir að lokum. Sagði hann, að það væri ekki úr vegi, að Steingrímur setti með í brefið þakklahti fyrir veitta aðstoð við Eyjaskeggja, ef hann á annað borð ætlaði að senda kvörtunarbref sitt. — JBP —

SÍÐUSTU KINDURNAR FRÁ EYJUM Í DAG

Síðustu kindurnar, sem eftir eru í Eyjum, verða fluttar þaðan í dag. Um 20-30 kindur eru nú í Yztakletti og Bjarnarey.

Allar aðrar kindur og önnur húsdýr eru nú komin frá Eyjum, en einhverju var lögð. Var til dæmis 700 hænur lögð, stuttu eftir að gösið hófst. Ekki er talið, að kindur þær, sem eru í Bjarnarey og Yztakletti, séu í hættu vegna gossins eða óskutfallsins, enda hefur Heimakettur sloppið tiltölulega vel. Þó er ástæða til þess að flytja allt kvíkt þaðan úr eyjunum.

—EA

VÍSIR

Utgefandi: Reykjavent hf.
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eyjólfsson
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson
 Auglýsingastjóri: Skúli G. Jóhannesson
 Auglýsingar: Hverfisgötu 32. Símar 11660 86611
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 32. Sími 86611
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611 (7 línur)

Askriftargjald kr. 225 á mánuði innanlands
 í lausáttu kr. 15.00 eintakið.
 Blaðaprent hf.

Það birtir dag frá degi

Björgunarmenn hafa náð æ fastari tókum á verkefnum sínum í Vestmannaeyjum. Skipulag Almannaávarnaráðs hefur slipað verulega og Rauði krossinn hefur staðið sig vel í hinum félagslegu aðgerðum. Mestan þáttinn í því, hve vel aðgerðum hefur miðað, eiga þó Vestmannaeyingar sjálfir.

Vaxandi áherzla hefur verið lögd á fyrirbyggjandi aðgerðir. Gengið hefur verið ótulllega fram í að bygja glugga og aðra viðkvæma staði á húsunum, svo að nú má heita lítil hætta á, að fleiri hús skemmist í eldi. Sums staðar hafa þök einnig verið styrkt til að bera þungann af gjallinu ofan á þeim. Þetta eru virkustu varnaraðgerðirnar, sem völ er á.

Jafnframt hefur þorri búslóða Eyjamanna verið fluttur í land á ótrúlega skömmum tíma. Hafa sjómenn og skipstjórar gengið ótulllega fram í því, og þar með komið mörgum hundruðum milljóna í verðmætum í örugga höfn.

Hreinsun er þegar hafin. Gjalli hefur verið náð af þökum húsa og mokstur gatna og athafnasvæða er hafinn. Senn kemur að því, að höfuðáherzlan verði lögd á þessa hreinsun, því að menn eru nú aftur orðnir hjartsynir á, að atvinnulíf og búseta hefjist smám saman aftur í Vestmannaeyjum.

Ef máttinn heldur áfram að draga úr gosinu, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að fleira fólk geti smám saman komið til Eyja og komið mikilvægustu framleiðslutækjunum í gang. Undirbúningur þess er raunar þegar hafinn. En auðvitað verður að fara að öllu slíku með gát.

Svíar hafa brugðist mjög drengilega við erfiðleikum Eyjamanna. Þeir hyggjast senda hingað 200 verksmiðjubyggð hús til að létta á sárasta húsnæðisskortinum. Þessi hús má senda hingað á skömmum tíma með herflutningavélum. Þeim þarf svo að koma fyrir í verstöðvum Reykjanesskagans, þar sem líklegast er, að Vestmannaeyingar setjist að til bráðabirgða.

Svo vel vill til, að nú er einmitt dauði tíminn á hótélunum í Reykjavík. Ef útvegur húsnæðis gengur treglega, er ekki dýrt að koma fjölskyldum fyrir í hótélherbergjum, meðan unnið er við að koma upp sænsku húsunum. Það eru því góðar hörfur á, að leysa megí erfiðasta vandamálið, húsnæðisskortinn.

Af framansögðu er ljóst, að nú er það fjármagnið, sem mest riður á að fá. Útvegur þess hefur um of setið á hakanum. Stjórnvöld verða að ganga að því af atorku að útvega erlend lán og framlög, er sumpart geti létt byrði af íslenzku þjóðinni og sumpart dreift henni á lengra árabíl.

Fjöl mörg íslenzk sveitarfélög hafa gengið fram fyrir skjöldu með höfðinglegri aðstoð við Eyjamenn, og önnur hafa lofað slíki aðstoð. Þessi framlög geta fljótlega numið tugum milljóna. Þau gætu svo farið upp í hundruð milljóna, ef sveitarfélögunum verður heimilud sama álagningarprósenta og í fyrra.

Ef settur verður á 1% söluskattur, 1% úrsvar og ríkissjóður leggur fram 500 milljónir, má ná saman 1200 milljónum á þessu ári. Frá útlöndum ætti að geta komið svipuð upphæð í framlögum og lánum. Samtals er þetta um hálfur þriðji milljarður, miklu hærri upphæð en nú er fyrrsjáanlegt að nota þurfi.

AD UTAN

Umsjón:

Guðmundur Pétursson

Fyrsta stóra vandamálið, sem árið 1973 bar í skauti sér fyrir finnsk stjórnmal, leystist um leið og finnska þingið samþykkti undanþágulögin. Þau framlengja starfstímabil Kekkones forseta um fjögur ár — eða til 1. marz 1978.

Þar sem forsetakosningarnar 1974 eru úr sögunni, er nú margt, sem bendir til þess, að stjórnmalaveðráta Finnlands verði ekki eins umhleyptingasöm 1973 og hún var í fyrra. Þó er svo sem af nógu að taka, ef leita ætti að hitamálu — bæði á sviði innanríkis-mála sem utanríkis-mála.

Skipti maður málefnum Finnlands í tvennt — innanríkispolítík og utanríkisstefnu — má slá því föstu, að það voru fyrst og fremst utanríkis-mál, sem þyngst voru á metunum hjá þeim sjö stjórnmalaflokkum, er stöðu að því að biðja Kekkones um að sitja áfram í forsetastóli eftir 1974.

Það hafði ekki komið fram neinn frambjóðandi, sem naut nægilegs trausts eða var það áhrifamikill, að hann gæti tryggt áfram haldandi sonefnda „Paasikivi-Kekkones-stefnu“. En höfubeinkenni hennar er hlutleysi í alþjóðamálum, og svo vinátta og traust í garð nágrannans í austri, Ráðstjórnarríkjanna.

Astandið, sem skapabist af þessum skorti á frambærilegu forsetaefni, var einkum bagalegt vegna verzlunar- og viðskipta-samninga Finnlands við Efnahagsbandalag Evrópu, sem ennþá hafa ekki verið undirritað, og hefðu naumast orðið það, ef Kekkones hefði ekki tjáð sig fúsán til þess að halda áfram. Það hefur enn ekki verið ákveðið, hvernær samningarnir skulu undirritaðir. Og með tilliti til andstöðu finnskra kommúnista til þessara samninga, sýnist ekki ólíklegt að ætla, að undirritun þeirra verði slegið á frest, þar til liggur ljóst fyrir, hver verður afstaða Finnlands í framtíðinni til Comecon-efnahagsbandalags kommúnistarríkjanna.

Eins og að framlengingu kjörtímabils Kekkones forseta var staðið, ber það ljóslega vitni því, að hinn sjötíu og tveggja ára gamli þjóðhöfingi nýtur mjög mikils trausts nánast í öllum fylkingarörmum stjórnmalaflokka-anna í Finnlandi. Þó er ekki eins og þetta sé í fyrsta sinn í sögu landsins, að forseti þess sé valinn, án þess að kjósendur þurfi að fara í kjörklefana til þess að kjósa kjörmenn. Fimm sinnum áður hefur finnska þingið veitt undanþágu frá kosningalögunum, sem eru byggð á stjórnskránni. — Á hinn bóginn varð sjálfur fyrirrennari Kekkones forseta, J. K. Paasikivi, sem naut mikils fylgis á fyrstu árunum eftir stríð, að gefa á báttinn fyrirretlanir um framlengingu á kjörtíma sínum með undanþágulögin. Það tókst ekki að aflla nauðsynlegs fylgis, en fimm sjötíu meirihluta atkvæðamagns er krafist í þinginu, til þess að slík lög nái fram að ganga.

Það var líka lengi framan af vafa undirþöf, hvort að tryggja mátti þennan meirihluta fyrir Kekkones að þessu sinni. Sameiningarflokkurinn (hægri sinn-þjóða og Frjálslyndi alþýðuflokkurinn) hikuðu báðir lengi, áður en þeir tóku afstöðu með frumvarp-



Kekkones forseti, sem hér sést með forseta Íslands, dr. Kristján Eldjárn, nýtur mikillar virðingar og trausts meðal allra flokka í Finnlandi.

Þegar ekkert fannst forsetaefnið



Karjalainen, utanríkisráðherra, nánasti samstarfsmaður Kekkones, stóð að því að Kekkones yrði veitt undanþága til þess að sitja enn eitt kjörtímabil.

inu, sem var borð fram af einum nánasta samstarfsmanni Kekkones, Ahti Karjalainen utanríkisráðherra, í janúar í fyrra.

En eftir hið órlagaþrungna innskot í þetta málþöf, hörd víðbrögð Kekkones við uppslætti á ásökunum „Dagens Nyheter“ og „Dagbladet“ um víðræður hans og leiðtoga Ráðstjórnarríkanna varðaði afstöðu Finna og annarra þjóða á Norðurlöndunum til Efnahagsbandalagsins, — þá hikuðu þessir flokkar ekki lengur.

Ofanefnd blöð sökuðu Kekkones um að móta utanríkisstefnu sína alveg eftir geðþótta Kremlstjórnarherranna. En eftir að Kekkones hafði vísað þessum aðrættunum algerlega á bug, ákváðu þingflokkar þessara tveggja stjórnmalaflokka að slást í hóp þeirra, sem skoruðu á Kekkones að gegna áfram forsetaembætti. Kannski var það líka tilgangur hans með yfirlýsingunum. Endanlegt svar hans við áskoruninni var játryði, eftir að hann hafði fengið fullvissu frá Ráðstjórnarríkjunum um, að hann nýti áfram trausts nágrannans í austri.

En það sem mesta athygli vakti við atkvæðagreiðsluna í þinginu var það, að hátt upp í helmingur þingflokks Sameiningarflokksins gekk í berhögg við opinbera afstöðu hans, og greiddi atkvæði gegn framlengingunni á kjörtíma Kekkones. Hægri fylkingararmur flokksins, undir forystu Tuura Junnila, bar því við, að undanþágan væri óverjandi séð frá sjónarhóli stjórnskrárinna, og með henni væri gengið freklega á rétt kjósenda.

Í Helsingfors er það þó almennt álit, að þessi hópur manna, ásamt öðrum andstæðingum undanþágunnar, hafi í reyndinni viljað koma í veg fyrir að Kekkones sæti áfram, og að þeir hafi viljað leggja áherzlu á kröfurnar um stefnubreytingu í finnskum stjórnmalum.

— Enda þeirra álit, að tími sé til kominn að leggja „Paasikivi-Kekkonesstefnuna“ á hilluna.

Hvað sem fyrir þeim hefur vakað, þá sýnist það ljóst, að tilraunir Sameiningarflokksins til þess að auka álit sitt og skapa sér sess í ríkisstjórnarsamsteypu hafa kolfallið með úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Forysta flokksins var veik fyrir, og þessi klöfningur innan hans í þýðingarmesta málinu, sem komið hefur upp í þinginu, hefur veikt flokkinn enn meira.

Flokkurinn hefur jafnt og þétt sætt gagnryni frá ýmsum málþingum Ráðstjórnarríkjanna og í sovétzku fjölmiðlum fyrir að vera — eins og það hefur verið kallað — undir sterkum áhrifum frá óreiðanlegum hægrifulltrúðmönnum, sem eigi þá ósk heitasta að vekja tortryggni á hlutleysistefnu Finnlands og vinátusambandi þess við Ráðstjórnarríkinn. Þessi gagnryni mun sjálfsgætt fá aukinn byr í seglin eftir klöfning flokksins í Kekkonesmálinu.

Enn er þó alveg óseð, hvaða afleiðingar þessi afstaða Sameiningarflokksins í forsetamálinu hefur á fylgi hans meðal finnskra kjósenda.

Njarðvíkingar vilja ekki reka Ameríkana á götuna: „Óvíst að Eyjamenn teldu slíka greiðslu maklega“

„Vitað er, að Ameríkanar hafa fyrstir manna boðið alla aðstoð, sem þeir geta veitt. Það kynni því að verða býsna óskemmtilegt til afspurnar, að fyrsta ráð okkar til þess að finna Vestmannaeyingum húsaskjól væri að reka allar amerískar fjölskyldur út á götu. Ekki er líklegt, að Vestmannaeyingar teldu slíka greiðslu maklega. Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps

mun hvetja alla hreppsbúa til þess að leigja Vestmannaeyingum húsnæði, sem þeir gætu losað“.

Þannig er m.a. komið að orði í samþykkt hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps vegna hugmyndar, að varnarliðsmenn búsettir utan flugvallarsvæðisins rými íbúðir fyrir húsnæðislausum Vestmanna-

eyingum og er tekinn annar póll í hæðina en hjá nágrenna-bænum. Keflavík, þar sem bæjarstjórnin vildi reka alla varnarliðsmenn út á gaddinn. Í mjög mörgum tilvikum eru þessir varnarliðsmenn kvæntir íslenskum konum, hafa verið það allt að tvo áratugi og eiga með þeim börn, sem líta verður á sem Íslendinga.

Hreppsnefnd Njarðvíkur-

hrepps taldi það fljótfrænslega ráðstöfun að rýma 200-300 íbúðir á Suburnesjum, en þess að fram hafi farið könnun meðal Vestmannaeyinga, sem sýni, að sá fjöldi hafi í hyggju að setjast að á þessu svæði. Sú spurning gæti risið upp hver ábyrging væri fyrir greiðslu á húsaleigu fyrir það húsnæði, sem ekki leigðist aftur.

—VJ

Ísland á forsíðum heimsblaða

Gosið í Vestmannaeyjum hefur verið forsíðuefni dagblaða um allan heim undanfarna daga. Og þetta gerist þrátt fyrir stórfréttir eins og vopnahlé í Víetnam, stærsta flugslys sögunnar og andlát Johnsons Bandaríkjaforseta. Og hér eru raunar tvær íslenskar námsmeyjar í Vínarborg að lesa um atburðina í Eyjum í blaðinu Kurier.



Varnarliðs- vélar í björgun í Eyjum í dag

Í dag er áætlað, að flugvélar frá varnarliðinu á Keflavíkurvelli fljúgi með húsgögn úr Eyjum. Að því er Páll Zóphóníasson, bæjarverkfræðingur á staðnum, tjáði okkur í morgun, komu 60 gámar með Esjunni til Eyja í morgun til þess að flytja húsgögn.

Búið er að flytja húsgögn úr um það bil 75% af öllum húsum í Eyjum.

Páll sagði, að vélar frá varnarliðinu hefðu hafið flutning á húsgögnum frá Eyjum um klukkan nju í morgun. Sagði hann, að flugið yrði áfram eins lengi og veðurskilyrði leyfðu. Páll vissi þó ekki tölu þeirra véla, sem aðstoða við flutningana, þess má geta, að varnarliðið flytur nú alla þá gáma, sem á þarf að halda, frá Reykjavík til Þorlákshafnar.

Páll sagði okkur, að veður væri nú hið besta í Eyjum. Þó að spá sé subaustanátt, einni þeirri óhagstæðustu fyrir byggðina, sagðist hann vona, að veðurspá brygðist nú sem svo oft áður.

—EA

Banaslys í Borgartúni

— 61 árs maður lét lífið í umferðarslysi

Banaslys varð í gærkvöldi í Borgartúni. Ekið var á 61 árs gamlan mann, sem var að ganga yfir götuna, en maðurinn var

látinn, áður en hann komst á slysa-varðstofuna.

Maðurinn var að ganga norður yfir götuna, þegar stór amerískur fólksbíll skall á hann. Bílstjórinn hafði ekki verið byrjaður að

hemla, þegar maðurinn varð fyrir bílnum. Okumaðurinn, sem var einn í bílnum, hafði ekki séð manninn fyrir en hann stóð rétt fyrir framan bílinn. Sjúkubílfreið kom strax á staðinn, en maðurinn var látinn, áður en hann komst á sjúkahús.

Bleyta var á götunni, þegar

slysið varð, og var ísing að myndast. Ekki virðist bíllinn hafa verið á mjög miklum hraða, samkvæmt því sem mælingar lögreglunnar leiddu í ljós.

Ef einhver vitni hafa orðið að slysinu, eru þau vinsamlegast beðin að hafa samband við lögregluna strax.

—ÞM

„FÖRUM EKKI Í GANG FYRR EN ÖSKUFALL LÆGIR“ 12 manns mættir til vinnu í Fiskimjölsverksm. í Eyjum

„Við komum hingað til Eyja í gær, 10-12 manns af starfsliði Fiskimjölsverksmiðjunnar“, sagði Baldur Kristjánsson, verkstjóri, í viðtali við blaðið í morgun, en þeir í Fiskimjölsverksmiðjunni hafa hugsað sér að reyna að koma starfsemi þar í gang sem allra fyrst.

„Það þýðir lítið að reyna að hefja starfsemi, ef öskufallið fer ekki að hætta eða minnka, en einhvern veginn finnst mér þó, að öskufallið sé eitthvað að lægja. Við erum bjartsýnir á, að askan hætti að falla yfir bæinn. Eins og er er til dæmis ekkert öskufall, og við getum eins vakað við það á morgun, að allt sé búið, aðeins gosið eftir“.

—Hvað gerði þið í dag og núna fyrstu dagana?

„Í dag er það nú fyrst og fremst að reyna að halda þökunum uppi. Tvö af þökunum voru hætt

kominn, þegar við komum hingað í gær, og við höfum verið að reyna að moka af þeim í alla nótt. Nú, svo verður við að negla fyrir glugga, þar sem askan bylur mest á, og fyrstu dögnum munum við verja í það að gera allt klárt og gera varðarráðstafanir. Nú er áttin hagstæð, að vestan held ég, og við höfum allir saman sofið eins og steinar. Við heyrðum ekki einu sinni í gosinu í nótt“.

—Hvað verður mannskapur að vera mikill, ef koma á verksmiðjunni í gang?

„Við þurfum að vera svona 30-40 menn. Eg vona, að þeir komi allir núna í dag eða á morgun. Að minnsta kosti eigum við von á mannskap í dag“. En það þýðir ekkert að reyna að koma verksmiðjunni í gang, fyrr en öskufall hættir að mestu“.

—Eruð þið ekkert svartsýnir á,

að höfnin lokist?

„Nei, nei. Það tekur þá enga

stund að moka þar upp og opna hana aftur“.

—EA

Ísrael býður aðstoð Svíar sagðir bjóða 200 hús

Ísrael hefur nú bætzt í hóp þeirra ríkja, sem boðið hafa Íslendingum aðstoð sína vegna neyðarástands í Vestmannaeyjum. Áður höfðu boðið fram aðstoð sína Norðurlöndinöll, Bretland, Bandaríkin, Þýskaland og Færeyjar.

Óvist er ennþá, í hvaða formi aðstoðin yrði frá þessum ríkjum. Þó munu Svíar hafa boðið að senda 200 hús, sem unnt væri að koma upp í flyti. Verðmæti þessara húsa munu nema um

200 millj. Þetta boð hafði ekki enn boðizt ríkisstjórninni formlega í morgun, en samkvæmt óstaðfestum fréttum mun sænsk sendinefnd koma á næstunni til að kanna, hvernig koma megi húsum til landsins og hvernig þau ætu að vera úr garði gerð.

Gárungarnir munu hafa lagt það til þegar boð um aðstoð kom frá Ísrael, að tilvalið væri, að þeir tækju að sér landhelgisgæzluna. Þá sæi fljótlega í iljar landhelgisbrjóttanna. — VJ

100 þök í hættu Búið að negla fyrir 900 hús

100 þök eru nú í hættu í Vestmannaeyjakaupstað. Unnið er af því af fullum krafti að moka af þessum þökum, og einnig er verið að slá undir þau þök, sem verst eru komin. Þökin eru út um allan bæ, og eru það aðallega stærri þök, sem eru í hættu. Að því er Sveinn Eiríksson, slökkviliðsstjóri á Keflavíkurvelli, sem stjórnar 280 manna liðið í Vestmannaeyjum, tjáði okkur í morgun, aka tveir verkfræðingar frá Reykjavík um bæinn og athuga ástandið.

Þeir 280 menn, sem Sveinn stjórnar, sjá um brunavarnir og að loka gluggum og hurðum og moka af þökum. Klukkan átta í morgun var búið að negla fyrir glugga og hurðir á 900 húsum í Eyjum, samtals 10 þúsund glugga. Í það verk fóru samtals 85 tonn af járn, og enn þarf meira til.

Eingöngu hefur verið neglt fyrir austur- og suðurhlíðar húsnæðis, en norður- og vesturhlíðar verða að biða betri tíma. Ef ekki hefði verið mokað af þökum Fiskimjölsverksmiðjunnar og Vinnslustöðvarinnar í nótt, væru þök þeirra húsa líklega illa farið, ef ekki hrúnið núna í dag.

Um 500 manns eru talin vera í Eyjum núna, og er aðaláhrerlan lögð á að bjarga tækjum úr fyrsti húsum svo og að bjarga stærri þökum.

—EA